

Í Mexikó hefir verið styrjöld um nokkurn undanfarinn tíma, sem ekki er óvanalegt þar. Forsetinn, Madero, var tekinn höndum og drepinn á leiðinni til fangelsisins. Einnig hafa bróðir hans og varaforsetinn verið drepnir. Herforingi, Huerta að nafni, hefir tekið við völdum. Var uppreisn n gegn Madero gerð með hans ráðum og Felix Diaz, bróðursonar Diaz þess, sem afarlengi var forseti, en var gerður útlægur, þegar Madero og hans fylgjendur komust að völdum. Álitid er að Madero, og þeir sem drepnir veru með honum, hafi verið myrtir að undirlagi nýju stjórnariunar, en hún hefir reynt að þvo hendur sínar og kenna morðin óviðráðanlegum upphotum. Ekki er ólíklegt að gamli Diaz, sem svo lengi stjórnaði landinu með harðri hendi komist nú aftur til valda.

Eins og kunnugt er, fór forsetakosning nýlega fram á Frakklandi. Sá heitir Raymond Poincaré, sem kosningu hlaut. Hann er stjórnmálamaður mikill og duglegur. Þykir margt benda til að hana ætli að taka ákveðna afstöðu gagnvart Þýskalandi, sérstaklega þó það að hann hefir gert einn af verstu fjandmönnum Þjóðverja, Théophile Delcassé, að sendiherra Frakka í Pétursborg. En alt af er grunt á því góða milli Frakka og Þjóðverja. Ef Frakkar og Rússar mynduðu náið samband með sér, mundu Þjóðverjar ekki líta neinum vinaraugum til þeirra.

Frjálstrúarmenn í austurhluta Bandaríkjanna héldu þing í bænum Rochester í New York ríki 28—30 jan. síðast liðinn. Fyrir þinghaldinu stóðu tvö félög: The National Federation of Religious Liberals og The Free Religions Association of America. Fyrnefnt félag var stofnað árið 1908 og tilheyra því Únitatarar, Úníversalistar, og frjálslyndir Kvekarar og Gyðingar. Hið síðar nefnda félag er nærri 50 ára gamalt og var upphaflega stofnað af nokkrum hluta Únitaranna í Bandaríkjunum. Þingið í Rochester var sérstaklega eftirtektavert vegna þess að orþódox kyrkjurar þar í bænum tóku allmikinn þátt í því. Margir fyrirlestrar voru fluttir þar, og mikið rætt um sameiningu allra kyrkna og trúflokka yfirleitt um þau atriði, sem ekki eru ágreiningsmál. Má efalaust telja þing þetta all-þýðingarmikið spor í rétta átt.